

Persónuverndarstefna Þjóðskjalasafns Íslands

Þjóðskjalasafn Íslands er ein af grunnstofnunum ríkisins og starfar eftir lögum um opinber skjalasöfn nr. 77/2014. Þar er kveðið á um meginhlutverk Þjóðskjalasafns og er það í grundvallaratriðum tvíþætt; að gegna hlutverki framkvæmdaaðila opinberrar skjalavörslu og skjalastjórnar í umboði ráðherra og vera opinbert skjalasafn. Tilurð skjala, meðhöndlun þeirra og varðveisla (rafræn og á pappír) er grunnþáttur sem allt annað byggist á. Þjóðskjalasafn sinnir því einni af grunnstöðum lýðræðis í landinu; tilurð, varðveislu og aðgengi að upplýsingum. Það gerir það m.a. með því að setja stjórnábyrgð um reglur með það að markmiði að tryggja upplýsingarétt og gagnsæi.

Þjóðskjalasafn Íslands sýnir fyllstu varúð við meðferð allra persónuupplýsinga. Öll vinnsla persónuupplýsinga hjá Þjóðskjalasafni skal vera í samræmi við gildandi persónuverndarlög og almennu evrópsku persónuverndarreglugerðina.

Réttindi einstaklinga til aðgangs að persónuupplýsingum kemur fram í upplýsingalögum nr. 140/2012, stjórnábyrgð nr. 37/1993 og í lögum um opinber skjalasöfn nr. 77/2014.

Upplýsingar um einstaklinga, hvort sem þær koma frá þeim sjálfum eða öðrum aðila, eru meðhöndlaðar samkvæmt lögum 90/2018 um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga og reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 679/2016.

1. Almenn um persónuverndarstefnu Þjóðskjalasafns Íslands

Þjóðskjalasafn Íslands setur sér persónuverndarstefnu um meðferð persónuupplýsinga í samræmi við 2. mgr. 24. gr. laga nr. 90/2018 um persónuvernd og vinnslu persónuupplýsinga. Til persónuupplýsinga teljast þær upplýsingar sem auðkenna tiltekinn einstakling eða væri hægt að nota í þeim tilgangi. Persónuupplýsingar eru upplýsingar um persónugreindan eða persónugreinanlegan einstakling sbr. 3. gr. persónuverndarlaga. Stefnan gildir um alla vinnslu persónuupplýsinga í Þjóðskjalasafni.

Starfsfólk Þjóðskjalasafns Íslands skal hafa persónuverndarstefnu að leiðarljósi í hvert skipti sem unnið er með persónuupplýsingar. Tryggt skal að allar persónuupplýsingar sem Þjóðskjalasafn safnar, nýtir eða vinnur með öðrum hætti, séu meðhöndlaðar í samræmi við persónuverndarlögin.

2. Vinnsla persónuupplýsinga skal grundvallast á fullnægjandi heimild

Vinnsla Þjóðskjalasafns Íslands á persónuupplýsingum er á grundvelli lögbundins hlutverks þess og verkefna og á sér stöð í lögum um opinber skjalasöfn og öðrum lögum sem við eiga.

Starfsfólk Þjóðskjalasafns Íslands skal ekki vinna með persónuupplýsingar nema til staðar sé fullnægjandi heimild fyrir vinnslunni í lögum um opinber skjalasöfn og öðrum lögum sem við eiga.

Starfsfólk Þjóðskjalasafns Íslands hefur fengið þjálfun og fræðslu til að tryggja að vinnsla persónuupplýsinga sé í samræmi við persónuverndarlög.

3. Meðhöndlun viðkvæmra persónuupplýsinga

Starfsfólk Þjóðskjalasafns Íslands skal ávallt gæta ítrustu varúðar við vinnslu og vörslu viðkvæmra persónuupplýsinga. Í 3. tölulið 1. mgr. 3. gr. persónuverndarlaga er útlitað hvaða upplýsingar teljast vera viðkvæmar persónuupplýsingar í skilningi laganna. Viðkvæmar upplýsingar teljast til dæmis upplýsingar um kynþátt, þjóðernislegan uppruna, heilsufar o.fl.

4. Fræðsla og þjálfun starfsfólks

Þjóðskjalasafn Íslands skal reglulega veita starfsfólki sínu fræðslu og þjálfun í því hvernig meðhöndla skulu persónuupplýsingar.

5. Persónuupplýsingar í Þjóðskjalasafni Íslands

Lögum samkvæmt á Þjóðskjalasafn Íslands að taka við skjölum afhendingarskyldra aðila. Pappírsskjöl á að afhenda þegar þau eru orðin 30 ára gömul en rafræn gögn að jafnaði ekki eldri en fimm ára. Þá tekur safnið við einkaskjalasöfnum, þ.e. frá einstaklingum, félagasamtökum og fyrirtækjum.

Þjóðskjalasafn Íslands varðveitir skv. lögum ýmiskonar persónuupplýsingar. Hluti þessara upplýsinga eru viðkvæmar persónuupplýsingar s.s. um fjárhag og heilsufar. Vinnsla þessara upplýsinga, þ.e. skráning, varðveisla og að veita aðgang að þeim er hluti af lögbundnum skyldum stofnunarinnar.

Í Þjóðskjalasafni Íslands myndast skjöl sem tengd eru lögbundnu hlutverki safnsins. Auk þess myndast skjöl sem tengd eru starfsmönnum þess og rekstri safnsins.

Varðveislutími fer samkvæmt lögum nr. 77/2014 um opinber skjalasöfn, í þeim kemur fram að óheimilt er að jafnaði að ónýta eða farga nokkru skjali sem fellur undir gildissvið laganna nema það sé gert á grundvelli heimildar í 24. gr. laganna.

6. Hvernig er öryggi persónuupplýsinga tryggt?

Skjalageymslur Þjóðskjalasafns Íslands eru aðgangsstýrðar og alltaf læstar. Rafræn skjöl eru vistuð í Þjóðskjalasafni Íslands og öryggisafritun fer fram í samræmi við verkferla.

Þjóðskjalasafn Íslands skal tryggja að öryggisvitund starfsfólks með viðeigandi fræðslu og þjálfun varðandi öryggi við vinnslu persónuupplýsinga.

Á starfsfólki Þjóðskjalasafns Íslands hvílir þagnarskylda samkvæmt 21. gr. laga um opinber skjalasöfn og X. kafla stjórnsýslulaga.

7. Miðlun upplýsinga til þriðja aðila

Miðlun upplýsinga til þriðja aðila byggir á lagaskyldu, einkum laga um opinber skjalasöfn nr. 77/2014, upplýsingalögum nr. 140/2012 og persónuverndarlögum nr. 90/2018.

Skráning upplýsinga um notendur safnkosts og öryggismyndavélar eru eingöngu í þágu öryggis og eignavörslu. Upplýsingum þaðan er því eingöngu miðlað til þriðja aðila ef um öryggisbrot eða eignatjón er að ræða.

8. Réttindi einstaklinga samkvæmt persónuverndarlögum

Þjóðskjalasafn Íslands er opinber aðili og því gilda lög um opinber skjalasöfn um varðveislu skjala sem verða til í starfseminni. Um aðgengi að upplýsingum úr skjalasafni Þjóðskjalasafns gilda upplýsingalög, stjórnáskjalalög og lög um opinber skjalasöfn eins og við á. Vinnsla persónuupplýsinga í starfsemi Þjóðskjalasafns grundvallast á lögmætum tilgangi.

9. Persónuverndarfulltrúi Þjóðskjalasafns Íslands

Þjóðskjalasafn Íslands hefur tilnefnt Helgu Jónu Eiríksdóttur hjá stofnuninni, sem persónuverndarfulltrúa. Netfang persónuverndarfulltrúans er personuverndarfulltrui@skjalasafn.is. Einnig er hægt að senda bréfpóst til Þjóðskjalasafns Íslands, Laugavegi 162, 105 Reykjavík, en þá skal umslagið merkt persónuverndarfulltrúanum.

Erindum og fyrirspurnum er varða vinnslu persónuupplýsinga hjá Þjóðskjalasafni Íslands skal beint til persónuverndarfulltrúa.

10. Kvörtun til Persónuverndar

Þeir sem telja að vinnsla persónuupplýsinga hjá Þjóðskjalasafni Íslands brjóti gegn rétti sínum geta sent erindi og kvörtun til Persónuverndar.

11. Útgáfa

Persónuverndarstefnan var samþykkt af framkvæmdastjórn 17. desember 2021.